



Hótelíð sem íslensku landsliðsmennirnir í knattspyrnu gista á í Frakklandi er hið glæsilegasta. Það heitir Les Trésoms. Útsýnið er stórbrotið, yfir Annecy-vatn og samnefndan bæ. Strákarnir eru einir á hótelinu og fá þar allt sem þeir þurfa til að slaka á milli æfinga og leikja. Eins og flestir vita er fyrsti leikur strákanna okkar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vörusvik í íslenskum ullarfátnaði

Orðið hefur vart við falsanir og vörusvik í framleiðslu ullarfátnaðar á íslenskum markaði. Ullarflikurnar hafa á sér yfirbragð íslenskrar vöru bæði hvað varðar uppruna og hráefni. Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex, segir brýnt að vernda upprunann.

IDNADUR Hjá Ístex, sem kaupir nærri alla ull sem til fellur af íslensku sauðfé, er nú keyrt á kvöldvöktum til að anna eftirspurn. Síðustu tvö ár hefur orðið mikill vöxtur, aðallega í framleiðslu ullarfátnaðar fyrir ferðamenn.

Mjög hefur færst í aukana að ullarflikur séu framleiddar erlendis og í breiðu úrvali af ullarvörum á íslenskum markaði hefur orðið vart

við falsanir og vörusvik. Bæði hvað varðar uppruna fatnaðar og hráefni. „Við höfum orðið vör við fölsun og vörusvik. Þeir eru fáir sem merkja vöru sína sem 100% íslenska ull,“ segir Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex, um framleiðslu og sölu á varningi úr ull á íslenskum markaði. „Þá þekktist einnig að fluttar eru inn vörur frá Kína og seldar með íslensku yfirbragði,“ segir hann.

Guðjón segir bjart fram undan í iðnaðinum ef brugðist verður við vörusvikum og fölsunum. „Við eigum að byggja á þeirri hefð sem við eigum. Það er enginn annar í heiminum sem framleiðir óspunninn lopa. Nú er verkefnið fram undan að halda áfram að bæta við gæðin, vernda upprunann og vanda til verka.“

Þórarinn Pétursson, formaður

Við höfum orðið vör við fölsun og vörusvik. Þeir eru fáir sem merkja vöru sína sem 100% íslenska ull.

Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex



Landssamtaka sauðfjárbænda, tekur undir með Guðjóni.

„Á markaði eru aðilar sem kaupa peysur að utan sem eru seldar sem íslenskar peysur. Það þarf að taka á þessu og við höfum barist fyrir því að notað sé upprunamerki sem staðfestir að varan sér úr íslenskrri ull og að vara framleidd erlendis sé merkt þannig,“ segir Þórarinn frá.

– **kgb / sjá síðu 4**

Erfitt fyrir fanga að fá námslán

SAMFÉLAG Guðmundur Ingi Þór-oddsson, formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi, hefur sett sig í samband við menntamálaráðuneytið vegna þess hve erfitt er fyrir fanga og fyrrverandi fanga að fá námslán.

Hann segir ástæðuna þá að nánast allir fangar séu á vanskilaskrá, meðal annars vegna sakarkostnaðar. Einstaklingur á vanskilaskrá þarf að útvega sér ábyrgðarmann til þess að eiga möguleika á námsláni.

„Flestir fangar eru búnir að brenna allar brýr að baki sér og verða því að sanna sig áður en þeim er treyst af fjölskyldu eða vinum. Besta leiðin til þess að sanna sig er einmitt að snúa blaðinu við og læra og ná áfanga.“

Guðmundur telur að ef fangar mennta sig endi þeir síður aftur í fangelsi. – **ng / sjá síðu 6**

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Erfitt getur verið fyrir innflytjendur að fá fræðsluefni um heimilisofbeldi. **2**

FRÉTTIR Viðskiptadeild Háskóla Íslands og Creditinfo hafa gert samning um aðgang að viðtækum gagnabanka. **8**

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um fótbolta. **13**

SPORT Slakur sóknarleikur gegn Portúgölum. **14**

TÍMAMÓT Háskóli unga fólksins hefst í dag. **16**

LÍFID Kvikmyndin Rökkur kemur út eftir áramót. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFID

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis

SNIGLAGEL

dregur úr hrukkum, örur og bólum.


Fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup

Án parabena
GAMLA APÓTEKID

ALOE VERA GEL

Fæst í öllum helstu apótekum

Veður



Norðaustan 5-13, hvassast við sjóinn norðvestanlands og einnig allra syðst á landinu í dag. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast inn til landsins sunnan og vestan til.

SJÁ SIÐU 18

Pórhallur gaf sjö pör saman

SAMFÉLAG Sjö brúðhjón létu þússa sig saman á stóra brúðkaupsdeginum í Breiðholtskirkju á laugardag. Um var að ræða svokallað „drop-in“ brúðkaup þar sem hjónavígslurnar voru án endurgjalds.

Færri komust að en vildu og voru átta pör enn á biðlista.

Pórhallur Heimisson sóknarprestur segir hugmyndina komna frá Svíþjóð þar sem hann hefur unnið sem prestur. Boðið var upp á prest, organista og svo störfuðu sjálfboðaliðar frá söfnuðinum við athafnirnar. – þv



Pórhallur Heimisson sóknarprestur

Bestu ökumenn Norðurlanda

SAMFÉLAG Strætóbílstjórar Strætó bs. unnu annað árið í röð Norðurlandameistararitil í ökuleikni með nokkrum yfirburðum. Keppnin fór fram á starfssvæði Strætó bs. á laugardag.

Þrjátíu vagnstjórar tóku þátt í keppninni og auk íslensku liðsins tóku lið frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku þátt. Hvert lið skipa sex vagnstjórar en allir íslensku þátttakendurnir enduðu á topp tíu listanum.

Finnar, sem unnið hafa oftast frá upphafi, hlutu silfurverðlaun og Norðmenn bronsverðlaun.

Norðurlandameistari einstaklinga í ár varð Finninn Timo Kettunen. – þv

» Þrjátíu vagnstjórar tóku þátt í keppninni, en allir Íslendingarnir enduðu á topp tíu listanum.

Víkingaskipið Vésteinn í höfn



Ferðaþjónustufyrirtækið Reykjavík Viking Adventures gerir út víkingaskipið Vésteinn, sem er tólf metra langt og tekur 12 til 18 farþega. Skipið hóf siglingar í maí og verður siglt frá gömlu höfninni í Reykjavík í sumar. Þeir Friðrik Örn og Reynir Hjálmarsson eru í áhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meiri áherslu á höfuðborgina

SAMGÖNGUMÁL Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík vill að lítið verði til höfuðborgarsvæðisins í þeim auknu fjárframlögum til samgöngumála sem hafa verið boðuð. Samgönguáætlun stjórnvalda verði að taka mið af þeirri aukningu sem hafi átt sér stað í notkun almenningsgangna á undanförunum árum.

Þetta kemur fram í ályktun sem stjórnin samþykkti um helgina.

„Á álagstímum eru stærstu leiðir á höfuðborgarsvæðinu sprungnar og mikilvægt að ríkið komi að borðinu til fjármögnunar á næsta skrefi almenningsgangna sem eru afkastameiri í öllum skilningi.

Reykjavík og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru öll sam-mála um þörfina á nýbreytni og meiri afköstum í almenningsgöngum sem og mikilvægi aðgerða í loftslagsmálum,“ segir í ályktuninni. – jhh

Erlendir þolendur ofbeldis fá ekki fræðslu

Erfitt getur reynst fyrir innflytjendur hér á landi að nálgast upplýsingar og fræðslu um heimilisofbeldi á öðru tungumáli en íslensku. Lagt er til að tekinn verði upp gagnagrunnur með upplýsingum fyrir þolendur og gerendur.

VELFERÐARMÁL Túlkaþjónusta er ekki sjálfgefin fyrir erlenda þolendur kynferðis- og heimilisofbeldis og mikið af fræðsluþefni um ofbeldi er einungis til á íslensku. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um leiðir til að ná til innflytjenda varðandi heimilisofbeldi.

Einnig er hár kostnaður á heilbrigðisþjónustu fyrir ósjúkra-tryggða talinn hindrun fyrir því að þau úrræði sem í boði eru séu nýtt. Innflytjendur eru ekki sjúkra-tryggðir fyrstu sex mánuði dvalar á landinu.

Gríðarlega mikilvægt er fyrir þolendur að leita sér aðstoðar, til dæmis til þess að verða sér úti um áverkavottorð ef um líkamlegt ofbeldi er að ræða. „Ef þú ert ekki með áverkavottorð þá hverfa áverkarnir og þá er það bara orð á móti orði,“ segir Hildur Guðmundsdóttir, mannfræðingur og vaktstýra hjá Kvænnaathvarfinu. Hún sat einnig í starfshópnum.

Starfshópurinn telur mikilvægt að hugað sé sérstaklega að kostnaði fyrir ósjúkra-tryggða en þolendur heimilisofbeldis, sem ekki eru sjúkra-tryggðir, greiða 56.700 krónur í komugjald á bráðamót-töku. „Útlendingar eru oft í lægst launuðu störfunum og eiga kannski minnstan pening. Þessi kostnaður getur dregið úr því að fólk leiti sér hjálpar,“ segir Hildur.

Til er margvíslegt fræðsluþefni um ofbeldi en lítið hefur verið þýtt á önnur tungumál en íslensku eða skrifað sérstaklega með innflytjendur í huga. Þá er algjör skortur á efni fyrir karlmenn, bæði sem þolendur og gerendur.

Einnig vekur athygli að upp-



Mikilvægt er fyrir bæði þolendur og gerendur ofbeldis að auðvelt sé að leita sér upplýsinga um þau úrræði sem í boði eru. NORDICPHOTOS/GETTY

Þjónusta og úrræði sem eru í boði

Neyðarmóttaka: Túlkur alltaf kallaður til þegar á þarf að halda.

Kvænnaathvarf: Viðtalsþjónusta ókeypis. Túlkur kallaður í viðtöl.

Stigamót: Viðtalsþjónusta ókeypis. Túlkaþjónusta ekki í boði nema beðið sé um hana, misjafnt hver greiðir fyrir þjónustuna.

Kvænnaáðgjöfin: Ókeypis opin ráðgjöf. Túlkaþjónusta ekki í boði.

Drekaslóð: Viðtal kostar 3.000 kr. Ekki boðið upp á túlk.

Heimilisfriður: Viðtal kostar 3.000 kr. Ekki boðið upp á túlk. Heimilisfriður er eina þjónustan sem ætluð er gerendum.

Ef einstaklingur pantar túlk með sér í viðtal, t.d. hjá sálfræðingi, þarf að greiða um 10.000 kr. fyrir þjónustuna til viðbótar því gjaldi sem greitt er fyrir sálfræðiþjónustuna.

lýsingar um þjónustu hjá neyðarmóttökunni eru einungis á íslensku og ekkert fannst um neyðarmóttökuna á enskri vefsíðu Landspítalans og leitarorðið „rape“ skilar engum niðurstöðum.

Starfshópurinn leggur til að bætt

verði úr skorti á upplýsingum, meðal annars með því að gera miðlæga heimasíðu þar sem hægt væri að nálgast upplýsingar um ofbeldi, birtingarmyndir þess og úrræði bæði fyrir þolendur og gerendur. thordis@frettabladid.is

Vélorf

Mikið úrval vélorfa með tvígengis- eða fjörgengismótor

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRLAXÍ HÁDEGISMAT BARA SVONA HILUX DAGUR



Nýr Hilux – lúxus í leik og starfi

Endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjagl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Rottuskítur í fölsuðum sigarettum

DANMÖRK Af þeim 6 milljörðum sigarettna sem Danir reyktu í fyrra voru 150 milljónir smyglvarningur, eða 2,5 prósent. Það er talsverð aukning frá árinu 2014 þegar ólöglegu sigarettur voru 1,8 prósent, að því er danska ríkisútvarpið greinir frá.

Meira selst nú í Danmörku af sigarettum sem eru eftirlíkingar af þekktum merkjum. Haft er eftir upplýsingafulltrúa sigarettuframleiðandans Phillip Morris að í eftirlíkingum hafi fundist asbest, rottuskítur og plastefni. – **ib**

Þingmenn fá lögregluvernd vegna líflátshótana

ÞÝSKALAND Þýsk yfirvöld hafa ákveðið að útvega ellefu þingmönnum lögregluvernd vegna líflátshótana, sem þeim hafa borist frá Tyrklandi.

Þingmennirnir eru allir af tyrkneskum uppruna en greiddu engu að síður atkvæði með ályktun þýska þingsins um að fjöldamorð og nauðungarflutningar á Armenum í Tyrklandi á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar eigi að flokkast undir þjóðarmorð.

„Hvers konar Tyrkir eru þetta eiginlega?“ spurði Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands, þegar hann frétti af afstöðu þeirra.

Tyrknesk stjórnvöld brugðust ókvæða við ályktun þýska þingsins,

1,5

milljónir Armena eru taldar hafa verið myrtar í Tyrklandi árið 1915.

en Tyrkir hafa aldrei viljað kalla þessi fjöldamorð þjóðarmorð. Afstaða Tyrkja er sú að þarna hafi Tyrkir og Armenar átt í hörðum átökum með miklu mannfalli á báða bóga.

Tyrkland kallaði sendiherra sinn heim frá Þýskalandi vegna þingsályktunarinnar. – **gb**



Cem Özdemir, leiðtogi Græningjaflokksins á þýska þinginu, studdi ályktun um þjóðarmorð sem samþykkt var fyrir stuttu. FRÉTTABLAÐID/EPA

Fölsun á íslenskri ull og framleiðslu

Starfsmenn Ístex, sem kaupir nærri alla ull sem til fellur af íslensku sauðfé, vinna nú á kvöldvöktum til að anna eftirspurn. Síðustu tvö ár hefur orðið mikill vöxtur, aðallega í framleiðslu ullarfatnaðar fyrir ferðamenn. Í ullaræðinu hefur orðið vart við fölsun.

FRÉTTASKÝRING „Við höfum orðið vör við fölsun og vörusvik. Þeir eru fáir sem merkja vöru sína sem 100% íslenska ull,“ segir Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex, um framleiðslu og sölu á varningi úr ull á íslenskum markaði. „Þá þekktist einnig að fluttar eru inn vörur frá Kína og seldar með íslensku yfirbragði.“

Guðjón segir að auki að þegar ullarfatnaður og vörur séu framleiddar erlendis úr íslenskrum ull fari mismikið af íslenska hráefninu í flikina.

„Saman við íslensku ullina blandast iðnaðarband sem fer í vélprjón. Þannig eru flikurnar stundum aðeins 60 prósent úr íslenskrum ull,“ segir Guðjón og segir auðvelt fyrir vana að sjá hversu mikið af íslensku ullinni sé í raun notað í flikur með því einfaldlega að strjúka yfir þær. „En svo er hægt að taka sýni úr flikunum til þess að ganga úr skugga um hráefnið.“

Keyra á kvöldvöktum

Útflutningur íslenskrar ullar til framleiðslu í Kína, Bangladess, Litháen og víðar um heim hefur aukist síðustu tvö ár. Svo mikil eftirspurn er eftir íslenskum lopa að Ístex hefur þurft að fjölga starfsfólki og keyrir nú á kvöldvöktum.

Ístex gerir árlega samning við Bændasamtökin um að safna saman og kaupa ull af bændum um allt land. Þetta er nærri öll ull sem til fellur af íslensku sauðfé. Guðjón reiknar með að Ístex kaupir um eitt þúsund tonn af óhreinsaðri ull á ári. Tonnin verða um 750 eftir þvott og innan við helmingur er af nægilega miklum gæðum til að nýta í ullarflikur.

„Vöxturinn er alls staðar í iðnaðinum. Bæði hjá þeim sem framleiða



Ístex, sem safnar nærri allri ull frá íslenskum bændum, annar vart eftirspurn. Starfsfólk vinnur nú á kvöldvöktum.

FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

handprjónapeysur á Íslandi og hjá fyrirtækjum sem kaupa lopa og senda til dæmis til Kína. Lakari ullin er seld á markaði til dæmis í Bretlandi þar sem hún fer í framleiðslu á gólfteppum til notkunar í flugvélar og hótél og fleira.“

Guðjón segir bjart fram undan í iðnaðinum ef brugðist verður við vörusvikum og fölsunum. „Við eigum að byggja á þeirri hefð sem

við eigum. Það er enginn annar í heiminum sem framleiðir óspunninn lopa. Nú er verkefnið fram undan að halda áfram að bæta við gæðin, vernda upprunann og vanda til verka.“

Aðkeyptar sagðar íslenskar

Þórarinn Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjrabænda, segir tækifæri felast í auknum gæðum.

„Við bændur eigum fyrst og fremst að grípa tækifærin og framleiða betri ull, auka verðmætin,“ segir hann.

„Á markaði eru aðilar sem kaupa peysur erlendis sem eru seldar sem íslenskar peysur. Það þarf að taka á þessu og við höfum barist fyrir því að notað sé upprunamerki sem staðfestir að varan sér úr íslenskrum ull og að vara framleidd erlendis sé merkt þannig,“ segir Þórarinn frá.

Við eigum að byggja á þeirri hefð sem við eigum. Það er enginn annar í heiminum sem framleiðir óspunninn lopa.

Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex



Ábyrgð stjórnvalda rík

Þuríður Einarsdóttir, hjá Handprjónasambandinu, segir ábyrgð stjórnvalda ríka þegar kemur að því að vernda íslenska ull og ullariðnað fyrir fölsunum og vörusvikum.

„Það er á ábyrgð stjórnvalda að gera kröfu um vottorð og merkingar. Hér á landi er mikið af flikum sem líta út eins og íslenskar ullarpeysur en eru aðkeyptar að utan. Við getum lítið gert. Það þarf að fylgja því eftir að þeir sem framleiða vörur í Kína þurfi að merkja þær þannig. Þá þarf að fylgja því eftir að vörur sem eru sannanlega úr íslenskrum ull séu vottorðar sem slíkar.“

Það eru reglur um upprunavottorð um ýmsa vöru en það virðist ganga hægt þegar kemur að fatnaði,“ segir Þuríður og minnst ullarpeysunnar sem Ragnheiður Elin Árnadóttir, iðnaðar og viðskiptaráðgjafi, afhenti borgarstjóra Chicago í vor en hún var prjónuð í Kína.

„Þegar viðhorf stjórnvalda er með þessum hætti, þá er nú ekki mikil von.“ kristjanabjorg@frettabladid.is

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

EM LEIKUR



Langar þig á úrslitaleikinn?

Kauptu NOTAÐAN BÍL af Brimborg og þú gætir unnið ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM*



Verð: 6.290.000 kr.
Tilboðsverð: 5.890.000 kr.
Ford Explorer Limited RYR50
Skráður desember 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 130.000 km.



Verð: 4.290.000 kr.
Tilboðsverð: 3.690.000 kr.
Ford Mondeo Titanium YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 121.000 km.



Verð: 3.590.000 kr.
Tilboðsverð: 3.190.000 kr.
Mazda6 Vision STW FAB51
Skráður maí 2014, 2,2 SKYACTIV dísil, beinskiptur.
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 3.250.000 kr.
Tilboðsverð: 2.990.000 kr.
Citroën Berlingo Multispace DHE30
Skráður júní 2014, 1,6 HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 45.000 km.



Verð: 2.190.000 kr.
Tilboðsverð: 1.990.000 kr.
Renault Megane Sport Tourer NLZ73
Skráður maí 2011, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 85.000 km.



Verð: 4.290.000 kr.
Tilboðsverð: 3.990.000 kr.
Ford Galaxy Giha ZJF81
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 78.000 km.



Verð: 2.990.000 kr.
Honda CR-V Executive BHJ46
Skráður desember 2010, 2,2 dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 171.000 km.



Verð: 3.190.000 kr.
Citroën C4 Picasso Seduction MAZ91
Skráður febrúar 2015, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 49.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 1.490.000 kr.
Tilboðsverð: 1.390.000 kr.
Ford Ka Trend Plus VSG42
Skráður febrúar 2015, 1,2i bensín, beinskiptur.
Ekinn 15.500 km.



Verð: 1.290.000 kr.
Tilboðsverð: 1.190.000 kr.
Ford Escape XLT TV331
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 152.000 km.



Verð: 1.950.000 kr.
Mazda2 Takara DAX52
Skráður maí 2014, 1,3i bensín, beinskiptur.
Ekinn 26.000 km.



Verð: 4.250.000 kr.
Tilboðsverð: 3.860.000 kr.
Ford Kuga Titanium AWD KY44
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 82.000 km.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

NOTADIR.BRIMBORG.IS

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 8. til 31. júní fara í pott (athugið á ekki við um umboðssölubíla). Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 1. júlí. Í vinning er ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM í knattspyrnu 2016 þann 10. júlí. Innifalið er flug með Icelandair, gisting á glæsilegu hóteli og tveir miðar á úrslitaleikinn. Nánari upplýsingar um leikinn má finna á notadir.brimborg.is.

Öruggur staður til að vera á

Hótel Keflavík sektað um 250 þúsund krónur

NEYTENDUR Neytendastofa hefur sektað Hótel Keflavík um 250 þúsund krónur vegna neikvæðra umsagna starfsmanns hótelsins um helsta keppinaut þess, Flughótel Keflavík, á vefsíðunni Expedia.com.

Expedia.com er vefbókunarsíða og eru þær umsagnir sem birtast á síðunni taldar hafa mikið vægi þegar viðskiptavinir velja fyrir sér möguleikum í hótulgistingu.

Flughótel Keflavík kvartaði til Neytendastofu á síðasta ári. Þá höfðu forsvarsmenn Flughótelsins

» Expedia.com er vefbókunarsíða og eru umsagnir sem birtast á síðunni taldar hafa mikil áhrif.

orðið þess varir að starfsmaður Hótel Keflavíkur hafði bókað gistingu fyrir viðskiptavinum með netfangi sem skráð var á Hótel Keflavík og í kjölfarið veitt neikvæðar umsagnir um hótelið.

Ekki er vitað hvaða starfsmaður hótelsins ritaði ummælin. – þv

AUKINN ÓJÖFNUÐUR Í HEIMINUM OG FALL GRÍSKA HAGKERFISINS



THE RISE OF INEQUALITY AND THE FALL OF GREECE

James K. Galbraith heldur opinn fyrirlestur í hátíðasal Háskóla Íslands, þriðjudaginn 14. júní, kl. 12.

Fyrirlestur hans mun m.a. fjalla um rannsóknir hans á ójöfnuði í Bandaríkjunum og víðar.

Jafnframt mun hann fjalla um erfiðleika Grikkja, en undanfarin ár hefur Galbraith verið ráðgjafi grísku ríkisstjórnarinnar í samningum hennar við AGS og ESB um fjárhagsaðstoð og skuldaniðurfellingu.

James K. Galbraith er víðkunnur hagfræðingur og prófessor við Texas-háskóla í Austin, Texas. Hann er eftirsóttur fyrirlesari um allan heim og frumkvöðull í rannsóknum á skiptingu auðs og tekna.

Hann gagnrýndi efnahagsstefnu bandarískra stjórnvalda harðlega fyrir fjármálhremmingarnar árin 2007-2008.

Galbraith skrifaði bókina Þjófríkið, The Predator State, árið 2008 sem vakti mikla athygli er hún kom út.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIÐEILD

Samtök
sparifjáreigenda

Merkel í Kína



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, er í þriggja daga heimsókn í Kína. Hún hitti Li Keqiang, forsætisráðherra Kína, í gær og skoðuðu þau meðal annars Sumarhöllina í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fangar fá sjaldan lán

Formaður afstöðu segir fanga nánast aldrei eiga möguleika á námslánum. Menntun sé mikilvæg og minnki endurkomutíðni í fangelsi. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir að með nýju fyrirkomulagi breytist ástandið.

MENNTAMÁL „Það er í raun ekkert sem bannar föngum eða fyrrverandi föngum að fá lán hjá LÍN en staðreyndin er sú að reglur hjá LÍN eru ekki hannaðar fyrir þennan hóp,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi, en hann hefur sett sig í samband við menntamálaráðuneytið vegna þess hve erfitt er fyrir fanga og fyrrverandi fanga að fá námslán.

Hann segir ástæðuna vera þá að nánast allir fangar séu á vanskilaskrá, meðal annars vegna sakarkostnaðar. Einstaklingur á vanskilaskrá þarf að útvega sér ábyrgðarmann til þess að eiga möguleika á námsláni. „Flestir fangar eru búnir að brenna allar brýr að baki sér og verða því að sanna sig áður en þeim er treyst af fjölskyldu eða vinum. Besta leiðin til þess að sanna sig er einmitt að snúa blaðinu við og læra og ná áfanga.“

Guðmundur segir að ef fyrrverandi fangi hefði tök á því að mennta sig og þannig eiga auðveldara með að komast inn í samfélagið á ný, myndi endurkomutíðni í fangelsin minnka. „Það fara svo margir aftur í fangelsi því þeir fengu enga aðstoð til að breyta lífi sínu. Stjórnvöld ættu að gera allt sem í þeirra valdi er til að þess að auka aðgengi til náms fyrir fanga því aukin menntun fækkar glæpum og endurkomu í fangelsi.“

Illugi Gunnarsson menntamála-



Formaður Afstöðu, félags fanga, segir nánast alla fanga vera á vanskilaskrá, meðal annars vegna sakarkostnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ráðherra segir nógildandi ástand vera eins og Guðmundur lýsi því. „Það skiptir máli að fangar eða fyrrverandi fangar mennti sig. Þá eru minni líkur á því að þeir fari aftur í fangelsi. Við vitum þetta og með nýja frumvarpinu erum við að opna á það,“ segir Illugi en í lok síðasta mánaðar lagði hann fram nýtt frumvarp um LÍN. Í frumvarpinu er nýmæli um að námsmenn geti fengið styrkgreiðslur á mánuði.

„Af því að við erum að aðskilja styrki og lán þá getur fangi sem er í láns hæfu námi og nær námsframvindunni fengið styrkinn þrátt fyrir að vera á vanskilaskrá. Eina undantekningin er sú að viðkomandi má ekki vera í vanskilum við lánsjóðinn en þetta er mikil bót frá því sem áður var,“ segir Illugi og bætir við að láns hæft nám sé einnig iðn- og verknám en ekki einungis nám á háskólastigi. nadine@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



Prófaðu Fabiu í sólarhring



24 TÍMA
HEIMLÁN
ŠKODA

ŠKODA Fabia býr yfir ótal kostum, en fögur orð og fyrirheit koma ekki í staðinn fyrir persónulega reynslu. **Pví langar okkur að lána þér Fabiu í sólarhring.** Komdu við hjá okkur eða sendu póst á skoda@hekla.is og fáðu nýja ŠKODA Fabiu til reynslu í 24 tíma. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins

2.290.000 kr.



reddot award 2015
best of the best car design



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

Landbúnaðarháskólinn axlar loftslagsverkefni

UMHVERFISMÁL Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí), skrifuðu fyrir helgi undir tvo samninga um verkefni sem Lbhí sinnir varðandi verkefni í sóknaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Annar samningurinn snýr að bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu koldíoxíðs í gróðri og jarðvegi. Hinn samningurinn snýr að upplýsingagjöf og greiningu fyrir vegvísi um minnkun losunar frá landbúnaði í samvinnu ráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands.

Landbúnaður og landnotkun hefur áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu, en einnig eru þar tækifæri til að binda koldíoxíð úr andrúmslofti með skógrækt, landgræðslu og fleiri aðgerðum. Skylda er að telja fram losun af þessu tagi samkvæmt Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og heimilt er að telja sér til tekna tiltekna aðgerðir í kol-efnisbindingu samkvæmt ákvæðum Kyótó-bókunarinnar.

Loftslagsbókhald tengt landbúnaði og landnotkun er um margt flóknara en fyrir aðra þætti, s.s.



Mikil tækifæri eru til að binda koldíoxíð úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

orkunotkun og iðnað, og krefst góðrar vísindalegrar undirstöðu. Mikil þekking á þessu sviði er í Lbhí. Meðal annars hafa sérfræðingar skólans sýnt fram á mikla losun frá framræstu votlendi og á grundvelli þeirra rannsókna fékk Ísland samþykkt á vegum Kyótó-bókunarinnar að ríki gætu talið sér endurheimt votlendis til tekna.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að þess sé vænst að samningarnir við Lbhí muni styðja við stefnu Íslands í loftslagsmálum. –shá



Fyrir tilstuðlan opinberra rannsókna á hruninu á Íslandi komu í ljós veikleikar íslenska fjármálakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gagnasamningur fyrir 450 milljónir króna

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Creditinfo hafa samið um aðgengi að viðtækum gagnabanka. Gefur möguleika til rannsókna á flóknum innviðum viðskiptalífsins og fyrirtækjasamstæða. Styður við nauðsynlega stefnumótun.

FJÁRMÁL Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Creditinfo skrifuðu nýverið undir samstarfssamning um aðgengi að öllum gögnum Creditinfo um íslensk hlutafélög, hluthafa og ársreikninga. Áætlað er að verðmæti gagnanna sé um 450 milljónir króna.

Gögnin verða notuð í viðtæku rannsóknarstarfi Guðrúnar Johnsen, lektors í fjármálum, en hún leiðir hóp rannsakenda frá Stanford-háskóla, Paris School of Economics (PSE) og University of Maryland við að greina fyrirtækjasamstæður á Íslandi, myndun þeirra, skuldsetningu og eiginfjárfjármögnun. Með samningnum er lagður grunnur að því að efla rannsóknarstarf Háskóla Íslands á íslensku atvinnulífi og tryggja gæði vísindastarfsins.

Þetta er að mati Guðrúnar tíma-mótasamningur enda er söfnun slíkra gagna gríðarlega kostnaðarsöm og algengari í stærri löndum. Með aðgengi að gögnunum muni rannsóknarsamfélagið geta veitt stefnumótandi aðilum í viðskiptalífinu sem og stjórnvöldum, bæði hér á landi og erlendis, innsýn og skilning á virkni fyrirtækja, fjármögnun þeirra, fjárfestingar, vaxtakostnað, skattgreiðslur, arðgreiðslur og eignarhald.

„Gögn sem eru af þessum gæða-

Rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis gerði það kleift að álykta með nokkurri vissu að hægt sé að rekja fjármálaáfall þau, sem dunið hafa á Vesturlöndum það sem af er 21. aldar, til flókinna eignatengsla og skorts á gagnsæi fjármálagerninga.

Guðrún Johnsen, lektor



flokki og jafn ítarleg fyrir hvert fyrirtæki og það yfir tíma, verða ekki gripin upp af götunni og er óhemjudýrt að safna,” segir Guðrún. Hún bætir við að ekki síst fyrir tilstuðlan opinberra rannsókna á Íslandi um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna í október 2008, og atburði tengda þeim, hafi komið í ljós veikleikar íslenska fjármálakerfisins sem komnir eru til vegna uppbyggingar fjölda fyrirtækjasamstæða og flókinna fjármálagerninga.

„Rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis gerði það kleift að álykta með nokkurri vissu að hægt sé að rekja fjármálaáfall þau, sem dunið hafa á Vesturlöndum það sem af er 21. aldar, til flókinna eignatengsla og skorts á gagnsæi fjármálagerninga. Flækjustigið hefur torveldað eftirlitsaðilum, sem og starfsfólki fjármálagerninga, að meta bæði sér-tæka áhættu og kerfislega áhættu,” segir Guðrún og bætir við að flókin fyrirtækjatengsl og rekstur skúffufyrirtækja í skattaparadísnum bendi einnig til að skattheimta hafi orðið kostnaðarsamari, kallað á auknar skattannsóknir og hugsanlega leitt til aukinna undanskota frá skatti og til ójafnaðar.

Niðurstöður rannsóknarnefndarinnar benda til að fjármagnseigendur standi fyrir uppbyggingu á fyrirtækjasamstæðum af því tagi sem veikir viðnámsþrótt efnahagskerfa, meðal annars til að draga úr þörf á að leggja fram eigið fé í fjárfestingar sínar sem og að lágmarka skattgreiðslur.

Guðrún bætir við að til þess að hægt sé að leggja fram sannfærandi tillögur um breytingar á reglugerðarumhverfi og skattaumhverfi sé nauðsynlegt að kafa ofan í þau flóknu eignatengsl sem voru byggð upp. svavar@frettabladid.is

GRJÓNAGRAUTUR

alveg mátulegur



Nú einnig í litlum umbúðum – fullkominn skammtur fyrir einn

TILBÚINN TIL NEYSLU

2.900kr

STAR WARS

NÁTTFÖT Í ÚRVALI

Fjáröflunarmarkaðir Fjölskylduhjálpar Íslands
löufell 14, Reykjavík, Hamraborg 9, Kópavogi
og Baldursgata 14, Keflavík



Fjölskylduhjálpar



Íslands



REYKJAVÍK » KÓPAVOGUR SKER

ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR KÍLÓMETRUNUM

CITROËN C4

Það er auðvelt að gleyma sér við akstur þegar maður er á liprum, sparneytnum og þægilegum Citroën C4. Hönnun hans er í senn hagnýt og grípandi. Ekki nóg með það heldur er hann búinn nýrri Puretech vél sem nýverið hlaut eftirsóttta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða Puretech vélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun. Citroën C4 er fáanlegur með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu sem hefur fengið mikið lof.

Sérstaða Citroën C4 felst jafnframt í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Má þar nefna 7" snertiskjá í mælaborði, tölvustýrða miðstöð, fjölstillanleg sæti sem eru einstaklega þægileg, frábæra hljóðeinangrun, hraðastilli og nýja kynslóð LED ljósa.

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.990.000 KR.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE



Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Myrti fimmtíu manns á næturklúbbi

Mannskæðasta skotárás í sögu Bandaríkjanna var gerð í fyrrinótt á skemmtistað samkynhneigðra í Orlando. Árásarmaðurinn þoldi ekki að sjá karlmenn kyssast. Obama forseti sagði augljóst að maðurinn hefði verið fullur haturs. Árásin er rannsökuð sem hryðjuverk.

BANDARÍKIN Omar Saddiqui Mateen, 29 ára gamall starfsmaður öryggisfyrirtækisins G4S, féll fyrir skotum lögreglu í fyrrinótt eftir að hafa myrt um 50 manns á næturklúbbi hinsegin fólks í Orlando.

Árásin hófst um klukkan tvö eftir miðnætti og lauk um klukkan fimm að morgni þegar lögreglan réðst inn. Þessa þrjá tíma hafði Mateen notað til þess að skjóta meira en hundrað manns. Meira en fimmtíu voru særðir, flestir lífs-hættulega, þannig að búist var við að tala látinna myndi hækka.

Árásarmaðurinn, sem er bandarískur ríkisborgari af afgönskum uppruna, hringdi sjálfur í bandarísku neyðarlinuna og sagðist fylgja Daish-samtökunum, sem hafa haldið uppi ógnarstjórn á stórum svæðum í Sýrlandi og Írak og hvetja fólk um heim allan til að fremja hryðjuverk í sínu nafni.

Hann hefur tvisvar áður komið við sögu lögreglunnar. Jerry Demings, lögreglustjóri í Orange-sýslu, sagði lögregluna flokka árásina undir hryðjuverk.

Faðir árásarmannsins, Mir Seddiq, segist samt viss um að árásin hafi ekki haft neitt með trúarbrögð að gera. Hann sagðist vera í áfalli og ekki hafa vitað hvað sonur hans hefði haft í hyggju.

„Við viljum biðjast afsökunar á þessu öllu,“ sagði hann í gær. „Við erum í áfalli eins og öll þjóðin.“

Seddiq segir að sonur hans



133

skotárásir hafa verið gerðar í Bandaríkjunum það sem af er þessu ári. Samtals hafa þær kostað meira en 200 manns lífið, að meðtalinni árásinni í gær.

hafi fyllst reiði þegar hann sá tvo karlmenn kyssast. Árásin gæti hafa haft eitthvað með það að gera.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði þetta vera bæði hryðjuverk og hatursárás: „Við erum enn að átta okkur á staðreyndunum,“ sagði hann í ávarpi til þjóðarinnar. „Það sem er ljóst er að þetta var maður sem var fullur haturs.“

Hann minnti einnig, eins og hann hefur gert í hvert sinn sem

hann hefur ávarpað þjóð sína í kjölfar mannskæðra skotárása, á það hve auðvelt það er fyrir ofbeldismenn að nálgast stórhættuleg skotvopn.

Leiðtogar og talsmenn múslima hafa eins og aðrir fordæmt þessi fjöldamorð, sem eru þau fjölmennustu í sögu Bandaríkjanna, að minnsta kosti síðustu öldina og rúmlega það.

gudsteinn@frettabladid.is

Mannskæðustu skotárásir í sögu Bandaríkjanna

Virginia Tech háskólinn í Blacksburg, Virginíu
16. apríl 2007 **32 látnir**
Seung-Hui Cho, 23 ára námsmaður

Sandy Hook grunnskólinn í Newtown, Connecticut
14. desember 2012 **27 látnir**
Adam Lanza, 20 ára

Killen í Texas
16. október 1991 **23 látnir**
George Hennard, 35 ára

San Ysidro, Kaliforníu
18. júlí 1984 **21 látnir**
James Huberty, 41 ára

Austin, Texas
1. ágúst 1966 **18 látnir**
Joseph Whitman, 25 ára

San Bernardino, Kaliforníu
2. desember 2015 **14 látnir**
Sayed Rizwan Farook, 28 ára, og Tashfeen Malik, 29 ára

Edmond, Oklahoma
20. ágúst 1986 **14 látnir**
Patrick Henry Sherrill, 44 ára

Fort Hood, Texas
5. nóvember 2009 **13 látnir**
Nidal Malik Hasan, 39 ára



NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA

3500KG

100
HISTORIC YEARS
Founded 1916
ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI
PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX
DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



1



2



3



4

Mjólk er góð!

Mjólkursamsalan þakkar 4. bekkjum frábæra þátttöku

Síðastliðið haust efndi Mjólkursamsalan til árlegrar tæknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn þann 30. september 2015.

Afraksturinn var stórkostlegur og tæplega 1.300 myndir bárust frá 4. bekkjum í 71 grunnskóla. Hér á síðunni má sjá vinningsmyndirnar tíu.


Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir og óskum vinningshöfum til hamingju!




5

Höfundar verðlaunamyndanna eru:

1. Skarphéðinn Guðjónsson – 4. G.H.K., Breiðagerðisskóli
2. Martyna Sandra Stefanko – 4. H.I., Fellaskóli
3. Þórhildur Þorsteinsdóttir – 4. A.S.R., Hlíðaskóli
4. Henrý Jarl Hlynsson – 4. S.Á., Vættaskóla-Borgum
5. Aníta Karen Rafalaesdóttir – 4. bekkur, Fossvogsskóli
6. Klara Þorbjörg Einarisdóttir – 4. Sólskrikjur, Salaskóli
7. Hrefna Lind Óladóttir Tran – 4. D.B.S., Lágafellsskóli
8. Pétur Baldvin Einarsson – 4. B.K.B., Háaleitisskóli - Hvassaleiti
9. Tanja Ýr Erlendsdóttir – 4. H.S., Lágafellsskóli
10. Ásdís Eva Andersdóttir – 4. Glókkollar, Salaskóli




6



7



8



9



10



www.skolamjolk.is

Sagan endalaus



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Talið er að minnst fimmtíu manns hafi látist aðfaranótt sunnudags í skotárás í borginni Orlando í Bandaríkjunum. Enn fleiri særðust lífshættulega.

Ungur bandarískur ríkisborgari, af afgönskum ættum, gekk þungvopnaður inn á skemmtistað fyrir sam- og tvíkynhneigða og transfólk þar sem hann tók sér þrjá tíma til að fremja ódæði sín.

Um er að ræða mannskæðustu skotárás í sögu Bandaríkjanna. Og árásin var ekki einu sinni sú eina sem rataði í fréttirnar þessa helgina frá Orlando. Á föstudagskvöld var bandarísk söngkona skotin þegar hún veitti aðdáendum eiginhandarítanir eftir tónleika.

Í ávarpi Baracks Obama Bandaríkjaforseta í gær kom fram að fjöldaárásin væri bæði hryðjuverk og hatursglæpur. Árás gegn sam- og tvíkynhneigðum og transfólki, á stað þar sem fólk kemur saman til að gleðjast, dansa og vera til, væri árás gegn Bandaríkjunum öllum og frelsinu sem þau standa fyrir.

Barack Obama sagði í gær að fjöldaárásin sýndi – enn og aftur – hversu auðvelt það væri fyrir einstaklinga að verða sér úti um vopn til að gera árásir í skólum, verslunarmiðstöðvum, skemmtistöðum og hvar sem er annars staðar sem þeir vildu. „Við þurfum að ákveða hvort það sé þannig land sem við viljum vera,“ sagði Obama.

Forsettinn kynnti í byrjun þessa árs áætlun sína um að koma í veg fyrir skotvopnaárásir í Bandaríkjunum. Í henni felst ítarlegri bakgrunnsskoðun á kaupendum skotvopna, takmörkun undanþága við sölu á netinu og á byssusýningum og efling eftirlits hjá FBI ásamt öðru.

Það er erfitt fyrir okkur, venjulega Íslendinga, að skilja umræðuna og deilur um skotvopnaeign vestanhafs. Undarlega stór hluti Bandaríkjamanna lítur á það sem grundvallarmannréttindi og heilagan rétt sinn að eiga og bera skotvopn og hefur stjórnarskrána með sér í liði. Sérstaklega er erfitt að skilja og tengja við málflutning þessa fólks þegar fréttir líkt og þær sem búrast um helgina eru eins tíðar og raun ber vitni. Eftir hverja árás er búist við því að bandarísk stjórnvöld horfist af alvöru í augu við vandann og taki almennilega á honum. En árangurinn lætur á sér standa.

Obama var dapur í ræðu sinni í gær. Hann hefur enda haldið þær ófær í forsetatíð sinni. Hann hefur áður sagt að árangursleysi í baráttunni fyrir breyttri löggjöf um skotvopn í Bandaríkjunum sé það sem hafi valdið honum mestum vonbrigðum í forsetatíð sinni.

Í árás Breivíks í Noregi árið 2011 létust alls 77 manns, þar af 68 í skotárásinni í Útey á ungmenni í Verkamannaflokknum. Í Noregi, líkt og víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum, eru árásir sem þessar mikil undantekning á reglunni. Í kjölfarið sameinuðust Norðmenn allir, og ekki síst norskir stjórnálmenn, í viðbrögðum sínum. Gjörðir Breivíks skyldu ekki fá að endurtaka sig. Um það voru allir sammála, hvar svo sem þeir stóðu í pólitík.

Það væri óskandi að Bandaríkjamenn tækju hina norsku frændur okkar sér til fyrirmyndar.

Halldór



Frá degi til dags

Gerbreytt Alþingi

Eftir að hafa mælst með yfirburðafylgi í könnunum eru Piratar aðeins farnir að gefa eftir. Þó er enn allt útlit fyrir að stærð þingflokksins, sem telur nú þrjá menn, muni margfaldast eftir kosningar í október. Og margir sem ekki hafa starfað á þingi taki sæti þar í nafni Pirata. A sama tíma eru margir reynslumiklir þingmenn að hverfa á braut. Þar á meðal eru Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ögmundur Jónasson, Róbert Marshall og Katrín Júlíusdóttir. Því er allt útlit fyrir að liðskipanin á Alþingi gerbreytist með haustinu. Svo verður bara að koma í ljós hverju það skilar.

Samgöngumálin

Ályktun sem Samfylkingarfélagið í Reykjavík sendi frá sér um helgina er allrar athygli verð. Þar er skorað á stjórnvöld að láta samgönguáætlun taka mið af þörfum Reykjavíkursvæðisins, þar sem flestir íbúar landsins búa og flestir ferðamenn koma. Þetta er að vísu gömul vísa, en það er freistandi að brýna þetta fyrir ráðherra samgöngumála, Ólöfu Nordal, sem mun að öllum líkindum sækja umboð sitt til setu á Alþingi til Reykvikinga í næstu kosningum. Flestir fyrri ráðherrar samgöngumála, úr kjördæmum utan höfuðborgarsvæðisins, hafa nefnilega yfirleitt látið hagsmunum kjördæma sinna. jonhakon@frettabladid.is

Ný fjölskyldustefna



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Nýverið lagði ég fram á Alþingi tillögu um fjölskyldustefnu til næstu fimm ára með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Að baki liggur vönduð vinna með skýrum markmiðum og tillögum um aðgerðir til að efla velferð barna og skapa betra og fjölskylduvænna samfélag.

Verkefnisstjórn um mótun fjölskyldustefnu var falið að móta stefnuna með það að markmiði að tryggja félagslegan jöfnuð með áherslu á að allar fjölskyldur njóti sama réttar og sé ekki mismunad.

Í stefnunni endurspeglast grunnild barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Er horft til þess að þannig megi auka velferð barnafjölskyldna og leitað við að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði fjölskyldu og mannréttinda. Áhersla er lögð á forvarnir ásamt tillögum um aðgerðir sem tryggja eiga efnahagslegt öryggi og auka stuðning við umönnun og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Öruggt húsnæði er ein af grunnforsendum þess að búa börnum gott atlati. Fjögur lagafrumvörp mín um húsnæðismál með þetta að markmiði urðu að lögum frá Alþingi nýlega og má því segja að framkvæmd fjölskyldustefnunnar sé að nokkru leyti hafin.

Sporna þarf við öllum hugsanlegum birtingarformum ofbeldis í samfélaginu enda varðar það miklu um möguleika barna til að þroskast og njóta öryggis. Þetta kemur skýrt fram í fjölskyldustefnunni og styður vonandi enn frekar við viðtækt landsamráð um aðgerðir gegn ofbeldi sem hófst á liðnu undir forystu þriggja ráðuneyta.

Samverustundir foreldra og barna hafa forvarnargildi og stuðla að velliðan fjölskyldunna. Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs er því mikilvægt verkefni þar sem jafnframt þarf að leggja áherslu á að auka þátttöku karla í umönnunar- og uppeldishlutverkinu. Í þessu skyni er mikilvægt að hrinda í framkvæmd tillögum nefndar um framtíðarskipan fæðingarorlofs. Fyrsta skrefið verður hækkun hámarksfjárhæðar fæðingarorlofs í 500.000 kr. á mánuði.

Það er von mín að tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu muni leiða okkur áfram í átt að enn betra og barnvænlegra samfélagi.



Það er erfitt fyrir okkur, venjulega Íslendinga, að skilja umræðuna og deilur um skotvopnaeign vestanhafs.

SÉRHÆFUM OKKUR Í ÞRIFUM FYRIR HÚSFÉLÖG

VÖNDUÐ VINNUBRÖGD

Húsfélagapjónustan ehf.
Sími 555-6855
www.husfelag.is • husfelag@husfelag.is



Bolli eftir danska hönnuðinn Mette Duedahl sem er í miklu uppáhaldi hjá Dagnýju.



Dagný Björg Stefánsdóttir stundar nám í vöruhönnun við LHÍ og heldur úti blogginu MondaybyDagny. MYND/ANTON BRINK

MÁNUDAGUR DAGNÝJAR

Dagný Björg Stefánsdóttir heldur úti bloggsíðunni MondaybyDagny þar sem hún bloggar meðal annars um hönnun og mat. Hún stundar nám í vöruhönnun við LHÍ og var að koma sér fyrir í nýrri íbúð þar sem hún unir sér vel.

„Ég var að flytja fyrir 4 vikum. Það má segja að þetta sé fyrsta heimilið sem ég kalla mitt en ég er að hefja nýjan kafla. Við strákurinn minn, fimm ára, erum búin að koma okkur vel fyrir,“ segir Dagný Björg Stefánsdóttir, nemandi í vöruhönnun og bloggari, en hún heldur úti bloggsíðunni MondaybyDagny.blogspot.com.

„Ég er sérstaklega ánægð með eitt horn þar sem ég er með alla uppáhaldshlutina. Ég fékk gamla tekukommóðu frá mömmu og pabba sem þau fengu að vestan. Þar er ég með uppáhaldsbækurnar mínar, tímaritin og kertastjaka og litla hluti sem hafa ýmsar persónulegar tengingar. Svo er eldhúsið líka mjög kósí þó það eigi aðeins eftir að ganga frá því, festa skáphurð og annað. Mér finnst mjög gaman að elda og geri mikið

af því. Er að komast aftur í gírnin eftir flutningana. Ég get eytt heilu dögum í eldhúsinu við að undirbúa mat, skoða uppskriftir, kaupa hráefnið og preppa. Matur er til dæmis orðinn áberandi á blogginu mínu,“ segir Dagný en eftir nokkurra mánaða hlé hefur hún tekið til við að blogga á ný.

„Ég hafði svo mikið að gera í vor, meðal annars vegna HönnunarMars og þá datt bloggið aðeins niður. Ég var farin að sakna þess og er nýbyrjuð aftur. Áður hélt ég úti blogginu Feelinspired og setti þar inn vörur sem mér fannst flottar, innlit og fleira í þeim dúr. Á MondaybyDagny er ég meira að deila úr mínu daglega lífi, úr skólanum, rannsóknarvinnu, verkefnum og mat. Það er persónulegra en hitt,“ útskýrir Dagný og segist vel geta hugsað sér að læra mannfræði

eftir að hönnunarnáminu lýkur.

„Ég er spennt fyrir mannfræði. Það er gaman að fá mannlega vinkilinn á hönnunina, þetta tengist svo mikið. Í sumar mun ég vinna sem hönnuður hjá Samrækt, litlu sprotafyrirtæki um grænmetisræktun, og mun koma að upplifun- arhönnun og fræðsluþáttum og að hönnun vara sem tengjast afurðum fyrirtækisins. Þau stunda vatnsrækt þar sem fiskar koma einnig við sögu.“

Hvað sýndirðu á HönnunarMars? „Ég tók þátt í samsýningu nú nemenda í vöruhönnun í Gróttuvita. Ég sýndi verk úr kúrsinum Matarhringrás og fjallaði þar um mold. Verkið var bók eða bæklingur sem átti að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi moldarinnar í matarhringrás heimsins.“

heida@365.is



Uppáhaldshlutirnir í uppáhaldshorninu.



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

FRÉTTABLAÐIÐ


59,5%

59,5% lesa Fréttablaðið

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

28,6% lesa Morgunblaðið

Skv. Prentmiðlamæling Gallup, jan.-mar. 2016



Allt sem þú þarft ...

BLOKKARÍBÚÐ EÐA KASTALI

Kúla hönnuðarins **Maryjar Ólafsdóttur** fékk nýtt útlit á HönnunarMars en það er afraksturinn af samstarfi hennar og ítalska teiknarans Danilo Agutoli sem teiknar meðal annars portrett fyrir mörg af flottustu tímaritum heims.

Þrátt fyrir að hafa verið búsett erlendis í mörg ár hefur Marý Ólafsdóttir alltaf tekið þátt í HönnunarMars hér á landi. Í ár sýndi hún nýja útfærslu af eldra verki sínu sem nefnist Kúlan en það leit fyrst dagsins ljós meðan hún stundaði nám í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands fyrir um áratug.

Þegar kom að undirbúningi fyrir hönnunarhátíðina kom upp sú skemmtilega hugmynd að vinna kúlurnar í samstarfi við ítalska teiknarann Danilo Agutoli sem er búsettur í Stokkhólmi þar sem Marý býr og starfar. „Danilo flutti inn á sömu vinnustofu og ég starfa á Södermalm í Stokkhólmi. Hann teiknar m.a. portrett fyrir mörg af flottustu tímaritum heims og tók mjög vel í hugmynd mína enda aldrei gert neitt í þessum dúr áður.“

TAKMARKAÐ UPPLAG

Marý gaf honum frjálsar hendur við túlkun Kúlunnar. „Danilo kom til baka með n.k. hýbýli, þar sem hann sá Kúluna sem eins konar heimili fyrir flugur og önnur skordýr; blokkaríbúð eða jafnvel kastala. Hann byrjaði á tveimur mynstrum, með stórum og litlum flugum, og er spennur fyrir næstu útfærslum.“

Viðtökurnar voru mjög góðar að sögn Marýjar og raunar frammar öllum vonum. „Það var ákveðið að handteiknuðu Kúlurnar yrðu gerðar í takmörkuðu upplagi eða aðeins tíu stykki teiknaðar með hverju mynstri. Þær fást eingöngu



Kúlan í páskabúningi, mynd og stílisering eftir Matilda Kjell.



Fyrsta útfærsla Danilo Agutoli, handteiknuð fyrir HönnunarMars í ár.



„Það skiptir mig ofboðslega miklu máli að vinna undir sjálfbærni og umhverfisvernd, mér finnst það vera skylda mín,“ segir Marý Ólafsdóttir hönnuður.

MYND/ANTON BRINK

efni og framleiðslu. „Ég hef mikinn áhuga á að vinna með einstaklingum og fyrirtækjum í því að beina athygli að þessum mál-efnum. Svíar eru mjög meðvit- aðir um umhverfi sitt og náttúru og það hefur haft mjög smitandi áhrif á mig og veitt mér mikinn innblástur. Það skiptir mig ofboðslega miklu máli að vinna undir sjálfbærni og umhverfisvernd, mér finnst það vera skylda mín. Það verður gaman að sjá hvernig verkefnið þróast á næstunni, kannski endar það á HönnunarMars 2017.“

Hönnun Marýjar hefur fengið

mjög góðar viðtökur í Svíþjóð og m.a. vakið athygli í hönnunarblöðum og stærri fjölmiðlum á borð við Dagens Nyheter. „Ég hef verið svo heppin að finna verslanir sem leggja áherslu á að vera með vörur sem eru framleiddar í litlu magni. Þessar búðir eru þá með svipaðar áherslur og ég hef í minni hönnun.“ starri@365.is

